

## Fundargerð stjórnar BÍS 15/2011.

Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123, miðvikudaginn 17. ágúst 2011 kl. 17:30

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Starfsyfirlit og og fundargerðir: Starfsyfirlit skrifstofu lágu fyrir.
3. Fjármál: FF fór yfir 6 mánaða uppgjör. Í heildina er reksturinn í jafnvægi.
4. Jamboree: BB sagði frá því að 282 íslenskir þátttakendur hafi tekið þátt í mótinu auk þess sem nokkur fjöldi íslenskra gesta sótti mótið heim. Þeirra á meðal var Björgvin Magnússon, fv. skólastjóri Gilwellskólans, 87 ára að aldri og var hann að upplifa Jamboree í fyrsta sinn. Almennt gekk ferðin vel þó eðlilega hafi ýmis smáóhöpp hent þátttakendum. Eftir að mótinu lauk fór hópurinn í heimagistingu til sænskra skáta og vakti það nokkra athygli sænskra fjölmiðla. BB, HSG og HS nýttu tækifærið til þess að ræða við fulltrúa evrópastjórnar WOSM, World Scout Foundation, the Scout Association í Bretlandi, Scouting Ireland og Roverway 2012 um samstarf á ýmsum sviðum. Búast má við að þessi vinna skili sér á ýmsan hátt til íslenskra skáta á næstu misserum. Þá ræddi BB við skátahöfðingja Boy Scouts of America um þátttöku þeirra í World Scout Moot 2017 og er allt útlit fyrir þátttöku þeirra í mótinu.
5. Innleiðing nýs starfsgrunn: HGH kynnti stöðu verkefnisins. Verkefnið er á góðu róli og að mestu á áætlun. Handbók drekaskátaforingja er í prentun. Handbók dróttaskátaforingja fer væntanlega í prentun í næstu viku og handbók fálkaskátaforingja fer væntanlega í prentun í vikunni þar á eftir. Stjórnarmenn lögðu áherslu á að mikilvægt væri að vanda til verka þó það þýddi frestun á útgáfu um eina til tvær vikur. 18 fundir með skátafélögum eru fyrirhugaðir í næstu viku. Gerður verður formlegur samningur milli BÍS og hvers og eins skátafélags sem hyggst nýta þetta efni. Verið er að ganga frá ráðningu svæðisfulltrúa sem hafa munu umsjón með innleiðingunni í nokkrum félögum hver. Búið er að tímasetja þrjú innleiðingarnámskeið og verða þau 2.-4. september á Úlfjótuvatni, 9.-11. september á Akureyri og 7.-9. október í Skátamiðstöðinni. Útgáfuhátíð verður haldin í Skátamiðstöðinni mánudaginn 22. ágúst kl. 12:00.
6. Afmælisár: Fjallað var um hugmyndir afmælisársnefndar. JIB skipaður fulltrúi stjórnar í nefndinni.
  - a. Friðarráðstefna: Á Jamboree kynnti BB þessa hugmynd fyrir fulltrúum WOSM og WSF og fékk góðar undirtektir þeirra um samstarf og fjárstuðning. HGH skipað fulltrúi stjórnar í undirbúningsnefnd.
  - b. Fjármál: Fjallað var um fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og JIB falið að koma hugmyndum stjórnar á framfæri við nefndina.
7. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.
8. Erindi frá Skátafélaginu Vífli vegna Drekaskátamóts: Bréf mótttekið og JA falið að svara því.
9. Erindi frá formanni Minjanefndar skáta og formanni ritnefndar sögu Reykjavíkurskáta vegna skráningar muna í vörslu Minjanefndar skáta: Samþykkt

að leita umsagnar Karls Þórssonar, fulltrúa BÍS í Minjanefnd skáta. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

10. Erindi frá Hauki Haraldssyni vegna landssvæðis sem skátar fengu til afnota í Þingvallalandi 1962: Stjórn þakkar Hauki ábendinguna og felur skrifstofu að kanna málið nánar.
11. Ungt fólk 2010, framhaldsskólanemar: Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar er komin út.
12. Starfsmannamál: Pétur A Maack, fjármálastjóri, lét af störfum 1. ágúst.

Umræður:

Starfsreglur stjórnar: Umræðu frestað.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið 20:30

Fundargerð ritaði JA